

Nd.

18. Frumvarp til laga

[18. mál]

um breyting á lögum nr. 51/1937, um bæjanöfn o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

2. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Gjald skal eigi greiða fyrir slík leyfisbréf eða þinglestur þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Breyting sú, sem í frv. felst, er að fella niður gjald af leyfisbréfum fyrir bæjanöfnum, sem í lögum er ákveðið 10 krónur fyrir nýbýli, en 25 krónur fyrir breyting bæjarnafns, og er nú með álagi samkvæmt lögum nr. 109/1950 orðið kr. 24.00 og kr. 120.00.

Þetta gjald skiptir litlu mál fyrir rikissjóð, en veldur töfum við afgreiðslu leyfisbréfanna, þar eð sýslumenn mega ekki afhenda þau fyrr en gjaldið er greitt. Er því lagt til, að gjaldið sé fellt niður svo og þinglestrargjald.